


✉ Re: Suðurlandsvegur, skipulagslýsing -Óskað eftir ábendingu/umsögn

| | |
|-----------|--|
| Búið til | 25.8.2022 14:57:21 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 25.8.2022 14:57:20 |
| Tilheyrir |  202207-0032 - Suðurlandsvegur, skipulagslýsing -Óskað eftir ábendingu/umsögn |

Efni

| |
|--|
| Re: Suðurlandsvegur, skipulagslýsing -Óskað eftir ábendingu/umsögn |
|--|

Upplýsingar

Vinnsla

| Sent | 25.8.2022 14:57:20 | Staða | Innflutt |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | skipulag@reykjavik.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202207-0032 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags Suðurlandsvegar, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu og telur að þar komi fram það helsta sem horfa þarf til við gerð deiliskipulagsins en leggur áherslu á að tryggja þarf að upplýsingar um náttúrufræðisins liggja fyrir hendi og séu ekki of gamlar til að tryggja gæði mats á umhverfisáhrifum skipulagsáformanna.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru ýmis neikvæð umhverfisáhrif af framkvæmdinni og er fjallað um þau atriði í umsögn stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar um frummatsskýrslu, frá 25. apríl 2022. Umsögnin fylgir hér í viðhengi. Þar er veigameisti þátturinn landfylling út í Rauðavatn sem felur í sér töluvert rask á vatninu og m.a. viðkvæmu fuglasvæði þar sem t.d. flórgoði hefur verpt nýlega. Gagnrýnt var að ekki var byggt á nýjum gögnum um fuglalíf svæðisins og er Reykjavíkurborg hvött til þess að afla betri gagna um

fuglalíf við undirbúning deiliskipulagsins. Í umsögninni bendir Náttúrufræðistofnun einnig á að stækkun Suðurlandsvegur mun viðhalda töluverðu álagi á umhverfi og lífríli Hólmsár. Vísað er í umsögnina um frummatsskýrsluna varðandi frekari ábendingar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "USK Skipulag" <skipulag@reykjavik.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "Minjavarsla" <minjavarsla@reykjavik.is>; "Íbúaráð Árbær og Norðlingaholt" <ibuarad.arbaerognordlingaholt@reykjavik.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>;

"heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is" <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>; "veður@veður.is" <veður@veður.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "fakur@fakur.is" <fakur@fakur.is>; "lhm@lhm.is" <lhm@lhm.is>; "heidmork@heidmork.is" <heidmork@heidmork.is>; "Skógræktin - SR" <Skogur@skogur.is>

CC:

Subject: Suðurlandsvegur, skipulagslýsing -Óskað eftir ábendingu/umsögn

Date: 15.7.2022 09:21:57

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing um tillögu að skipulagslýsingu að nýju deiliskipulagi Suðurlandsvegur, birtist í Fréttablaðinu þriðjudaginn 19. júlí 2022. Tillagan er í kynningu frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/sudurlandsvegur-0> (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2F2021.reykjavik.is%2Fskipulag-i-kynningu%2Fsudurlandsvegur-0&data=05%7C01%7CThuridur.Gudmundsdottir%40reykjavik.is%7C358f10e2381041a5379b08da659f198c%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C637934031235030254%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sd ata=s5LKACRmwmMkzv5IzOL7Py3Z0EfAxcTQWbDHBSqOm74%3D&reserved=0>)

Suðurlandsvegur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs 7. júlí 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 22. júní 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegur, frá

vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Vegagerðin áformar að í samvinnu við

borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra faramóta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja

akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mislæg vegamót, gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm

áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er

eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 31. ágúst 2022.

Lýsingin eru aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is (mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík

www.reykjavik.is (https://www.reykjavik.is/)

Viðhengi

Umsögn NÍ um frummatsskýrslu breikkunar Suðurlandsvegar.pdf (179 KB)

image001.png (5 KB)